

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

Saman látum við hjólin snúast



GRUNNÁM VIÐ VIÐSKIPTAEILD HR

Háskólanám er góð fjárfesting. Í Háskólanum í Reykjavík leggjum við áherslu á að skapa og miðla þekkingu í greinum þar sem stærstu tækifæri framtíðarinnar liggja í tækni, viðskiptum og lögum.


VIÐSKIPTAFRÆÐI

- BSc í viðskiptafræði
– dagskóli eða háskólanám með vinnu
- Diplómanám í viðskiptafræði

Sálfræði

- BSc í sálfræði

UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST

www.hr.is

Úrslitakvöld Eurovision er tilvalin stund til að kynna Twitter. Það gerir keppnina mun skemmtilegri að fylgjast með hinum ólíkustu athugasemdum sem hrannast inn á Twitter.



UNKNOWN PLEASURES

Húðflúrið á hægri upphandlegg Arnars er af umslagi plötunnar Unknown Pleasures sem Joy Division gaf út árið 1979.



TROUT MASK REPLICA

Húðflúrið á vinstri framhandlegg Arnars er af umslagi plötunnar Trout Mask Replica sem Captain Beefheart and his Magic Band gaf út árið 1969.



Mynd/Galli

Ákvað að fá sér tattú eftir meðferð

Arnar Eggert er búinn að láta húðflúra á sig tvö plötuumslög og er hvergi nærri hættur.

„Ég fór í áfengis meðferð fyrir ári. Í meðferðinni voru margir með tattú og ég fór að skynja mig svolítið nakinn. Þá ákvað ég að fá mér tattú,“ segir fjölmiðlamaðurinn og tónlistargúrúinn Arnar Eggert Thoroddsen. Þegar Arnar átti hálfis árs bindindisafmæli ákvað hann að flúra á sig myndina af umslagi plötunnar Unknown Pleasures sem hljómsveitin Joy Division gaf út árið 1979. Nú um helgina átti Arnar eins árs bindindisafmæli og ákvað hann að fagna þeim áfanga með því að flúra á sig myndina sem prýðir umslag plötunnar Trout Mask Replica með Captain Beefheart and his Magic Band. Sú plata kom út árið 1969 og er myndin af eins konar hálfmanskum silungi með hatt.

Verður að vera eitthvað kært

„Þegar ég fékk mér fyrsta tattúð hafði mig langað í tattú í svolitinn tíma en datt ekkert í hug. Ég fór til Jóns Þórs á stofunni Kingdom Within og spurði hvort hann gæti ekki sett bara eitthvað á mig. Þá sendi hann mig heim svona eins og skólastrák og lét mig fá nokkra linka. Sagði mér að hugsa málið betur því að þetta yrði að vera eitthvað sem væri mér kært. Í mínu tilviki er það auðvitað músíkin,“ segir Arnar sem hefur haldið upp á Joy Division síðan í æsku.

Hann segir húðflúrmenninguna hálfgerða bakteríu, þegar menn byrji sé erfitt að snúa aftur. „Þetta er svolítið eins og þegar menn eignast börn. Þá fara þeir að taka eftir börnum annarra

í fyrsta skipti á ævinni. Eftir að ég fékk mér fyrsta tattúð fór ég að hugsa meira um þetta. Mér finnst gaman að vera kominn með þetta áhugamál og hugsa um þetta af svona mikilli ástríðu.“

Yngra fólk hrifnara

Arnar veit ekki til þess að fleiri hafi húðflúrað á sig myndina af plötu Joy Division en hefur séð svarthvítt tattú af Trout Mask Replica-plötunni. Hann segir viðbrögðin á heildina litið hafa verið góð. „Viðbrögðin hafa verið mjög hefðbundin. Fólk sem er komið á vissan aldur finnst þetta ljótt og fáránlegt, en yngra fólk er meira hrið af þessu.“

Monitor mælir með

Í BÍÓ

Nicolas Cage er upprisinn úr helvíti og berst við djöfladyrkendur með útsendara djöfulsins á hælunum í myndinni Drive

Angry sem

er frumsýnd um helgina. Monitor er að gefa miða á myndina á Facebook.

Ekki er þó mælt með því að setjast reiður undir stýri.



UM HELGINA

Þeir sem ætla ekki í Eurovision-partí um helgina eru að missa af einni skemmtilegustu hefð landsins. Hvað er skemmtilegra en að setjast niður með sínum nánustu og gagnrýna öll hin atriðin á sama tíma og maður reynir að vera ekki of sigurviss fyrir hönd Íslands?

Á NETINU

Nýjasta æðið er samskiptasiðan Twitter og nú gengur ekki lengur að vera bara með Facebook. Allir þessir helstu eru byrjaðir á Twitter og er hér á ferðinni góð leið til að svala tjáningarþörfinni enn frekar.



Vikan á...

facebook



Sigmar Vilhjálmsson
Að tárast, hlæja og andkófast á sömu mínútu

er bara nokkuð skemmtilegt. Væri alveg til í að upplifa svona aftur á Laugardaginn. Vinir Sjonna voru sjálfum sér, honum og okkur til mikils sóma!
10. maí kl. 21:29



Páll Óskar ÓKEI. Ég hef aldrei verið jafn ánægður með að hafa

rangt fyrir mér á æfni. (-) Ég átti sko alls ekki von á því að Ísland kæmist áfram í kvöld - en... hvað gerist? TIL HAMINGJU ÍSLAND...
10. maí kl. 21:19



Einar Bardarson Fræbært
!!!! Er ekki best að byrja á 10 umslaginu á næsta ári !!!
10. maí kl. 21:14



Sigmar Guðmundsson
Hrafnhildur Halldórsdóttir stóð sig prýðilega í

Júróinu í gær og var ljómandi fín. Erfið keppni að lýsa vegna klúðurs þjóðverjanna en hún leysti það mjög vel. Engin ástæða til að vera með þennan endalause samannburð á þulum fyrr og nú. Það þróar hver sinn stíl í þessu eins og öðru og Hrafnhildur á eftir að vaxa með reynslunni, rétt einsog aðrir þulir hafa gert.
11. maí 10:57

Feitast í blaðinu

Vinir Sjonna í Eurovision. Hvað segja útlendingar um framlag Íslands? >>>4

Ertu á leið í nám? Spjallað við krakka í hinum ýmsu greinum í HR. >>>7-9

Björn Hlynur í viðtali. Hann er með táföbú á háu stigi og segir tær vanskapaðar. >>>10

Systurnar Ása og Jóna voru að opna vefverslunina Lakka-lakk. >>>12

Páll Óskar í Lokaprófinu. Hann langar að hitta Lady Gaga og Madonna. >>>16

Efst í huga Monitor

Tíunda umslagið

Íslenska þjóðin sameinaðist í gleðisprengju þegar Vinir Sjonna voru dregnir upp úr 10. umslaginu í fyrri forkeppninni í Düsseldorf. Þegar var farið í að bóka Hörpuna í maí á næsta ári, enda getur ekkert komið í veg fyrir að Ísland fari alla leið í ár. Reyndar hefur þetta verið sagt á hverju ári síðan Gleðibankinn sagði okkur að tíminn liði hratt á gervihnattaöld. Það var árið 1986. Reyndar var það rétt hjá þeim, tíminn hefur liðið hratt.

Monitor skoðaði spár veðbanka víða um heim og samkvæmt þeim er titillinn ekki alveg í höfn. Enn virðist nokkuð langt í land hjá Vinum Sjonna ef marka má breska veðbankann William Hill sem telur Íslendinga 13. líklegasta til að fagna sigri. William Hill segir líka að Ísland sé ólíklegasta Norðurlandþjóðin til að sigra í ár – Finnar eru líklegastir, því næst Svíar og þá Danir. Norðmenn dattu auðvitað út á þriðjudagskvöldið með umdeildum hætti.

Hvað vita samt einhverjir útlenskir veðbankar? Vinir Sjonna for the win. Monitor verður í Hörpunni í maí 2012.

Líklegustu sigurvegaramir í ár

Að mati veðbankans William Hill

1. Frakkland	2,75
2. Írland	6,00
3. Bretland	9,00
4. Aserbadsjan	11,00
5. Eistland	13,00
6. Finnland	15,00
7. Þýskaland	15,00
8. Ungverjaland	17,00
9. Bosnía Hersegóvína	17,00
10. Svíþjóð	19,00
11. Danmörk	21,00
12. Rússland	34,00
13. Ísland	41,00
14. Georgía	51,00
15. Serbía	51,00



Ritstjóri: Björn Bragi Arnarsson (bjornbragi@monitor.is) Umbrot og hönnun: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is)

Blaðamenn: Gunnþórunn Jónsdóttir (gunnthorunn@monitor.is) Sigyn Jónsdóttir (sigyn@monitor.is)

Auglýsingar: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Forsíða: Sigurgeir Grafík: Elín Esther Myndvinnsla: Hallmar F. Þorvaldsson

Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569-1136 Netfang: monitor@monitor.is



VINIR SJONNA SYNGJA COMING HOME OG ÆTLA AÐ SJÁLFSÖGÐU AÐ KOMA HEIM MED SIGURINN

„ÉG ELSKA ÍSLAND“



Það logaði allt á **Twitter** eftir fyrri undankeppni **Eurovision** í vikunni. Monitor tók saman nokkur skemmtileg tíst frá aðdáendum keppinnar hér heima og úti í heimi.



ERLEND TÍST um keppnina

@Antjanner: Norðmenn hafa ákveðið að taka þjóðlag. Því miður er það frá karabíska hafinu. **#Eurovision**

@alexcoley: Þetta er strákurinn úr Ugly Betty! Yngri bróðirinn! **#eurovision #malta**

@tangof1: Azerbaijan: Þetta er Justin Timberlake! Nei, bíddu... **#eurovision**

@tangof1: Portugal: Village People eru alveg búnir að missa það **#eurovision**

@tangof1: Rússland: Hann lítur út fyrir að vera vondi kallinn í James Bond. **#eurovision**

@Robin_Red: Er að leita að **#Eurovision** partýi fyrir laugardaginn. Ég þarf virkilega á því að halda núna.

@GoldenTent: „Running Scared“ – Semur forseti **#Azerbaijan** lagaheitin fyrir þá? **#Eurovision**

@GoldenTent: Hverjum datt í hug að boxþema myndi slá í gegn hjá áhorfendum, **#Armenia?**

ÍSLENSK TÍST

@Auddib: Hahaha þulan okkar átti þetta skuldlaust...grét af gleði þegar Ísland datt á skjáinn í lokin !!

@BootCampIceland: Þá er fyrsti Boot Camparinn á leiðinni í lokakeppni **#Eurovision**. Við erum öll stolt af þér Benni (og hópnum öllum)! Áfram Ísland!

@valdisgudrun: Aaaaaf hverju er Sigmar ekki að kynna Eurovision? Þetta er ekki að gera sig **#vandræðalegja #geðshræring #eurovision**

@Siggi24: Eins og sigurmark á 90. mín **#eurovision**

@nonni86: Eins gott að það sé búið að opna Hörpuna! **#eurovision #rúv #iceland #12points**



ERLEND TÍST um íslenska atriðið

@robinbyles: Ég ætla mér að búa til íslenska hrútspunga fyrir **#eurovision** partýið mitt. Heimsku reglur ESB, getur einhver reddað mér?

@sanna_o75: **#Eurovision** Ég elska Ísland.

@babinaba: Ísland komst áfram í úrslit **#Eurovision** – áfram Ísland! :)

@iamilse: Koss: Serbía. Morð: Rapparinn í gríska atriðinu. Brúðkaup: Ísland. **#eurovision**

@AdrianKavanagh: **#Eurovision** dráttur. #21: Ísland. Frekar seint en lentu beint á eftir poppatriði Spánar svo þeir hefðu í rauninni ekki getað beðið um neitt betra.

@Natali3vdb: Ég vona að strákarnir frá Íslandi vinni **#Eurovision**.

@alyssanilsen: Soooooon Iceland! :D :D :D :D :D **#<3 #Iceland #Island #Eurovision #esc #afturheim**

@Tjansson: Fangelsisverðirnir frá Íslandi eru kúl. **#Eurovision**



ÆTLAR ÞÚ Í HÁSKÓLA Í HAUST?



SPENNANDI NÁM
OG ÖFLUGT FÉLAGSLÍF

VERKFRÆÐI PRAGMA

Ebba Karen Gardarsdóttir 1989

Allar leiðir færar

Af hverju verkfræði? Af því að umsóknarfresturinn í HR var að renna út eftir 5 mínútur og verkfræðin var mér efst í huga á því augnabliki. Ég sé samt alls ekki eftir að hafa valið námið þó þetta hafi vissulega verið skyndiákvörðun.

Það besta við námið? Ég get varla fundið eitthvað eitt sem stendur upp úr. Heildin sem slík er best.

Það versta við námið? Það eru klárlega skýrslur í eðlisfræði eða bara skýrslur almennt. Þú finnur ekki leiðinlegri verkefni.

Hvað er það skemmtilegast sem þú hefur lært í verkfræðinni? Mér finnst nú frásögum færandi að ég kann núna að búa til rafal og gerði einn slíkan frá grunni um daginn. Geri aðrir betur!

Hefur þú tíma fyrir eitthvað annað en að læra? Já, en frítíminn fæst ekki nema maður skipuleggi sig vel. Maður heldur nú seint geðheilsunni ef maður sinnir félagslífinu ekki líka.

Hvernig hyggst þú nýta námið í framtíðinni? Þar sem ég er í rekstrarverkfræði liggur leiðin inn á stjórnun og rekstur fyrirtækja. Verkfræðin byggir líka upp fjölbreyttan grunn svo í rauninni verða mér allar leiðir færar að náminu loknu.



EBBA BJÓ TIL RAFAL UM DAGINN

Myn/Sigurgeir

Ertu á leið í nám?

Monitor heldur áfram að kynna sér námsframboð í háskólum landsins og í þetta skiptið var rætt við formenn nemendafélaga **Atlas, Mentis, Technis, Lögrettu, Markaðsráðs, Pragma** og **Tviundar** í HR.

VIÐSKIPTAFRÆÐI MARKAÐSRÁÐ

Ingvi Brynjar Sveinsson 1984

INGVA LANGAR
AÐ MÆTA TIL VINNU
Í JAKKAFÖTUM



Dreymir um risastórt einbýlishús

Af hverju viðskiptafræði? Því mig langar að mæta alltaf í jakkafötum í vinnuna og svo finnst mér viðskiptafræðin bjóða upp á allt sem ég leitaðist eftir í námi.

Það versta við námið? Það er svo sem ekkert slæmt við námið en það mætti kannski nefna að það eru til mjög margir viðskiptafræðingar nú þegar svo samkeppnin er hörð. Viðskiptafræðin opnar samt svo margar ólíkar dyr inn á mörg mismunandi verkefni svo það er úr mörgu að velja.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur lært í viðskiptafræðinni? Að skemmtanalífið er betra í háskóla en menntaskóla. Nei, nei, ég segi bara svona. Það er úr mörgu að velja sem er skemmtilegt í viðskiptafræðinni en hópeflið og samvinnan kemur upp í hugann núna.

Hefur þú tíma fyrir eitthvað annað en að læra? (Hlær) Auðvitað! Það geta allir fundið sér tíma til þess að gera eitthvað skemmtilegt inn á milli. Þó svo að námið sé mjög krefjandi verður maður reglulega að kúpla sig út úr bókunum og sleppa sér aðeins.

Hvernig hyggst þú nýta námið í framtíðinni? Sú áætlun er ekki alveg komin á hreint en ætli maður reyni ekki að koma sér í góða stöðu í samfélaginu og byggja sér gott 4.000 fm einbýlishús.

Smáralind í símann



Með Smáralindarappinu í snjallsímanum geturðu nálgast helstu upplýsingar um verslanir og þjónustuaðila í Smáralind.

Þú færð nýjustu tilboðin beint í símann og getur fengið viðbótarafslátt ef þú deilir tilboðum.



Skannaðu QR kóðann til að fá Smáralindarappið í snjallsímann þinn.

TÆKNIFRÆÐI **TECHNIS**

Arnar Jónsson 1985

**ARNAR ER SANNKALLAÐUR
ALT MULIGT MAND**

Vinsæll í vinahópnum

Af hverju tæknifræði? Þar sem ég kom upp í gegnum frumgreinadeild HR vildi ég halda mig innan veggja skólans og þar sem ég er húsasmiður var byggingatæknifræðin augljóst val.

Það besta við námið? Frábært framhald af iðnmenntun minni og kennslan er til fyrirmyndar.

Það versta við námið? Ætli það versta sé ekki að ég get lítið sem ekkert unnið samhliða náminu. Allavega ekkert af viti.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur lært í tæknifræðinni? Ég var nýlega að klára tvo teikniáfanga sem voru rosalega skemmtilegir. Annars er námið í heildina lítið mjög skemmtilegt.

Hefur þú tíma fyrir eitthvað annað en að læra? Maður reynir að skipuleggja sig svona viku fram í tímann þannig að maður getur kannski skotið inn eins og einum ísbiltúr á mánuði.

Hvernig hyggst þú nýta námið í framtíðinni? Til að landa góðu starfi. Svo mun það líka hjálpa mér mikið í daglega lífinu enda verð ég mjög vinsæll í vinahópnum þegar einhver þarf að láta parketleggja eða setja upp nýja innréttingu í eldhúsið.

Mynu/Sigurgeir



**FRAMHALD
Á NÆSTU SÍÐU**

**SILJA SEGIST VERA
MEÐFERÐARKANDÍDAT**



SÁLFRÆÐI **MENTES**

Silja Rúnarsdóttir 1990

Mynd/Omar

Grænt ljós á fáránlega hegðun

Af hverju sálfræði? Ég hef mikinn áhuga á faginu og hef stefnt lengi á þetta nám. Ég þrífst á því að vera í kringum fólk og hafa svolítið fjölmennt í kringum mig svo þetta lá beint við.

Það besta við námið? Hvað það er fjölbreytt og skemmtilegt. Ef þú hefur áhuga á fólki og öllu sem það snertir er þetta nám sem á eftir að höfða til þín. Það sem mér finnst best við sálfræðinámið í HR er nándin í deildinni.

Það versta við námið? Klárlega taugalífeðlisfræðisálfræðin en margir gætu verið mér ósammála.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur lært í sálfræðinni? Svóltið sem kallast að brjóta samfélagsleg norm eða viðmið. Þetta gefur þér einfaldlega grænt ljós á að haga þér nákvæmlega eins asnalega og mögulegt er í nafni félagssálfræðinnar.

Hefur þú tíma fyrir eitthvað annað en að læra? Já, algjörlega. Ég var að klára mitt fyrsta ár núna í apríl og ég get með sannni sagt að ég hafi stundað félagslífið grímt. Ég blandaði mér strax í störf nemendafélagsins. Fyrst í skemmtanefnd, svo sem gjaldkeri og nú er ég formaður þess. Titillinn meðferðarkandídat segir allt sem segja þarf.



0 kr.
að hringja innan
kerfis Símans
með 1990 kr.
áskrift.*

Vertu með Busta Rhymes á heilanum!

Þóstaðu upphalds vídeóinu þínu með Busta Rhymes á Facebook-vegginn okkar og þú átt möguleika á miða á tónleikana þann 17. maí, í Valsheimillinu.

www.ring.is / m.ring.is www.facebook.com/ringjarar

* 1.500 min/SMS innan GSM-kerfis Símans og 990 kr. Inneign til að hringja í önnur kerfi



VERTU MED

ENHEDNA / SÍA / INH40003

Meira en 100% starf

Af hverju lögfræði? Það var í raun algjör tilviljun. Ég hafði alltaf hugsað mér að verða tónlistarkennari en að stúdentsprófi loknu sótti ég þó um nám í stjórnmálafræði í HÍ og lögfræði í HR. Ég er ánægður með valið enda finnst mér umræður um stjórnmál almennt niðurdrepandi.

Það besta við námið? Námið er spennandi og fjölbreytt sem endurspeglar í þeim ólíku störfum sem lögræðingum standa til boða. Flestir geta fundið hvar sín áhugasvið liggja innan lögræðinnar og fylgt þeim eftir.

Það versta við námið? Það er augljóslega álagið sem fylgir því að vera á fyrsta ári en flestir höndla það nokkuð vel.

Hefur þú tíma fyrir eitthvað annað en að læra? Nei, ekki mikinn. Laganám er að mínu mati mun meira en 100% starf. Það er þó oftast litið upp úr bókunum á föstudögum sem oftast en ekki enda í nokkrum þjórum.

Hvernig hyggst þú nýta námið í framtíðinni? Ég hef ekki hugsað mikið út í það. Hefðbundin lögmansstörf eru að sjálfsögðu líkleg en það er fjölmargt annað áhugavert í boði.

LÖGFRÆÐI LÖGRÉTTA

Ómar Berg Rúnarsson 1988



FÖSTUDAGARNIR ENDA OFT Í NOKKRUM BJÓRUM HJÁ ÓMARI

Mynd/Sigurgeir

ÍPRÓTTAFRÆÐI ATLAS

Valgerður Kristmundsdóttir 1984



VINIR VÖLU SEGJA HANA VERA Í LEIKSKÓLA

Með háskólagráðu í hörkuformi

Af hverju íþróttufræði? Það var margt sem spilaði inn í ákvörðunina en í raun er þetta gamall draumur sem ég þorði ekki að fylgja eftir fyrir en núna.

Hvernig myndir þú lýsa náminu í fimm orðum? Fjölbreytt hreyfing, fjölbreyttir nemendur, fjölbreytt nám, fjölbreyttir kennarar og fjölbreyttar nálganir. Þetta eru kannski of mörg orð en við erum einmitt ekki mikið í stærðfræði í íþróttufræðinni.

Það besta við námið? Við stöndum upp úr stólunum og lærum að gera hlutina með hreyfingu. Við erum ekki bara að læra á líkamann í bókunum heldur prófum æfingarnar sjálf og lærum á okkar eigin líkama.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur lært í íþróttufræðinni? Að vinna með fólki og skipuleggja tíma minn og annarra. Svo er auðvitað hrikalega gaman að vera í formi á sama tíma og maður vinnur sér inn háskólagráðu. Allir vinir mínir tala um að ég sé bara í leikskóla.

Hvernig hyggst þú nýta námið í framtíðinni? Námið og samnemendur mínir hafa komið mér mjög mikið á óvart og fjölmargar dyr hafa opnast í höfðinu á mér í vetur svo það eru ótrúlega margir möguleikar í boði fyrir mig að námi loknu.

Mynd/Sigurgeir

Áhugavert og gefandi djamm

Af hverju tölvunarfræði? Einfaldlega vegna þess að ég er menntaður rafvirkir og vildi ekki vinna við það í framtíðinni. Ég ákvað því að prófa tölvunarfræðina í HR og sé ekki eftir því.

Hvernig myndir þú lýsa náminu í fimm orðum? Skemmtilegt, krefjandi, áhugavert, gefandi og djamm.

Það besta við námið? Námið er vel skipulagt að þörfum hvers og eins nemanda og verkefni tengja oft við raunveruleikann eins og í atvinnulífinu. Svo skemmir ekki fyrir hversu frábært félagslífið er í deildinni.

Hefur þú tíma fyrir eitthvað annað en að læra? Maður gefur sér stundum aðeins of mikinn tíma í eitthvað annað en að læra. Ef maður skipuleggur sig vel á maður að hafa nægan tíma til að sinna náminu vel og hafa líka tíma í allt hitt sem maður þarf að gera.

Hvað er það skemmtilegasta sem þú hefur lært í tölvunarfræðinni? Við lærum á ótalmörg forritunarmál sem gerir okkur kleift að búa til ótrúlegustu hluti úr engu. Fær tölvunarfræðingur getur búið til hvað sem er sem tengist tölvum eða Netinu. Það eina sem stoppar mann kannski er ímyndunaraflið.

Hvernig hyggst þú nýta námið í framtíðinni? Bara til að moka inn peningum og vinna einhverja skemmtilega vinnu. Er það ekki ágætt?

TÖLVUNARFRÆÐI TVÍUND

Guðmundur Sveinsson 1984



GUÐMUNDUR HYGGST MOKA INN PENINGUM

Mynd/Sigurgeir

DIESEL[®]

FOR SUCCESSFUL LIVING

*THE WORLD'S LARGEST EXPORTER OF SEXUAL ENERGY.
(Alternative, but not always clean.)*

DIESEL ISLAND

Land of the Stupid, home of the Brave.

We are creating a new and better nation. Join the movement and become a citizen at diesel.com

Alltaf handtekinn í Rússlandi

„Rússneska lögreglan hefur mjög mikinn áhuga á mér og öllu því sem ég hef í vösum,“ segir **Björn Hlynur** um raunir sínar í Rússlandi. **Monitor** ræddi við hann um leiklistina, táfælnina, hnífafælnina, félagsfælnina og drauminn um að verða rokkestjarna.

Texti: Sigyn Jónsdóttir
Myndir: Sigurgeir

sigyn@monitor.is
sigurgeir@mbl.is

Björn Hlyn Haraldsson þarf vart að kynna en hann er einn stofnenda leikhópsins Vesturports sem hefur sigrað hjórtu leikhúsunnda á undanföllum títum árum. Frá því hann útskrifaðist sem leikari árið 2001 hefur Björn Hlynur ásamt því að leika og leikstýra með Vesturporti um allan heim leikið í kvikmyndum og skrifað handrit. Það má því með sannri trú segja að hann sé með afkastamestu listamönnum þjóðarinnar síðustu árin og virðist sem hann sé ekki nærri því hættur. „Eins og staðan er í dag er samt enn svo mikið sem ég á eftir að gera í þessum geira,“ segir Björn Hlynur sem er með fjölmörg verkefni á teikni-borðinu þessa stundina. Nýlega frumsýndi Vesturport gleðileikinn Húsmóðurina sem er samstarfsverkefni allra leikaranna sem sáu um leikstjórn og leikgerð allt í bland.

Hvernig viðtökur hefur Húsmóðirin fengið? Hún hefur fengið mjög svo fínar viðtökur. Við erum að ná að melta þetta aðeins núna því við höfum sýnt ansi stíft undanfarið en erum í fjögurra daga fríi núna. Til að byrja með kemur fólk á einhverja sýningu sem heitir Húsmóðirin og hefur séð eitthvað plakat en veit í raun ekkert við hverju það á að búast. Svo byrjar sýningin og á fyrstu sýningunum byrjuðu áhorfendur ekki að fatta hvers konar sýning þetta væri fyrr en eftir svona hálf tíma. Þau héldu kannski að þetta ætti að vera alvarlegra en það er í raun og veru. Þetta minnti mig á sögu af einum kollega mínum sem fór að sjá farsa í þjóðleikhúsinu fyrir mörgum árum og hló ótrúlega mikið fyrsta korteríð þangað til hann áttaði sig á því að honum fannst sýningin alls ekkert myndin. Hann hafði bara farið í leikhúsið til að sjá farsa, gíraði sig upp í það og fór þá ósjálfrátt að hlæja þegar sýningin byrjaði. Hjá okkur er það á hinn veginn.

Fyrst ég er búinn að eyðileggja dularfullu leikaraímyndina með því að vera á forsiðu Monitor fer ég ábyggilega bráðum í að stofna hljómsveit.

Hvað leikur þú mörg hlutverk í sýningunni? Ég held við séum öll með þrjú eða fjögur hlutverk og erum svolítið í því að leika hitt kynið.

Gísli Örn sagði einmitt við Monitor að þú færir á kostum sem bandarísk kona í sýningunni. Já, hann er þá væntanlega að tala um Jody. Það er ein týpa sem hefur nákvæmlega ekkert að gera með söguna í leikritinu. Hún varð til þegar ég var eitthvað að bulla með Ólafi Darra, vini mínum. Jody er amerísk kona sem talar voðalega mikið og hefur nákvæmlega enga hlustun á mannleg samskipti og okkur fannst það nokkuð myndi. Svo skrifaði ég þennan karakter sem ég hélt við myndum örugglega ekki nota í þessari sýningu en okkur þykir svolítið vænt um hana því hún er svo klinkuð. Við ákváðum því að hafa hana í sýningunni þó hún hafi engan eiginlegan tilgang þar. Hún er með mjög myndarlegan hamborgararass og hún talar svo mikið að í einni sýningunni leið nærri því yfir mig því ég andaði ekkert. Hún á fyrirmynd sem ég hitti einu sinni og ég trúði því ekki að hún gæti talað eins mikið og hún gerði um ekki neitt.

Af hverju er svona myndi að sjá karla leika konur? Ég var einmitt að velta því fyrir mér að ef maður myndi sjá Jóhönnu Sigurðardóttur í smóking væri

það kannski sniðugt en ekkert rosalega myndi. Ef maður myndi svo sjá Össur Skarphéðinsson í korsetlett væri það ábyggilega mjög myndi. Það er eitthvað við það. Þetta er eins og í sveitinni í gamla daga og meira að segja enn þann dag í dag að þegar hrepstjórinn fer í kjól á Þorablóttinu bilast allir. Þetta er líklega frá því að það þótti óhugsandi að sjá menn fyrir sér í kvenmannsverkum. Þabbi minn var af þeirri kynslóð að hann skipti ekki á bleyjunum mínum og systkina minna. Ég man til dæmis þegar dóttir mín var enn með bleyju var ég einhvern tímann að skipta á henni heima hjá afa og ömmu og afi horfði á mig eins og það væri eitthvað að mér. Það er spes að þetta þyki ennþá myndi því við karlmennirnir í dag erum orðnir svo mjúkir og meyrir.

Þú syngur töluvert í sýningunni. Er það nýtt fyrir þér? Opinberlega hef ég nú gert mjög lítið af því. Ég söng tvö lög í Woyzeck en hef lítið sungið á ferlinum. Mig hefur alltaf langað til að eiga þetta inni einhvern veginn og hef til að mynda ekki hingað til tekið þátt í söngleikjum þó svo það sé ekkert sem ég hafi útilokað í lífi mínu. Svo fannst mér líka alltaf þegar ég fór að starfa við leiklist að það að vera alltaf að syngja út um allt með hljómsveit gæti verið trúfandi á vissan hátt. Ég bjó nú reyndar einu sinni við þá rómantísku hugsun að leikari sem væri ekki of þekkt andlit hefði forskot á hina. Þú gætir upplifað túlkun leikarans betur án þess að vita hver uppáhaldsliturinn hans væri. Segi ég og er í viðtali við Monitor. Til að byrja með reyndi ég að gera þetta og vildi ekki auglýsa mikið mína privat og persónulegu hagi en svo er það nú bara þannig að með tímanum er þetta kannski ekki eins stórkostlega mystískt og maður vill að það sé.

Heimildir Monitor herma að þig hafi lengi dreymt um að verða rokkestjarna. Er eitthvað til í því? Hver einasti karlmaður á sér þann draum einhvern tímann á ævinni að verða rokkestjarna og þeir sem segjast ekki vilja það eru að ljúga.

Kæmi til greina að láta drauminn rætast? Fyrst ég er búinn að eyðileggja dularfullu leikaraímyndina með því að vera á forsiðu Monitor fer ég ábyggilega bráðum í að stofna hljómsveit. Ég er reyndar búinn að vera að laumast með nokkrum góðum vinum að búa til tónlist þannig að meistaraaverkið kemur kannski bara út í sumar ef það verður ekki búíð að reka mig úr bandinu. Hver veit? Nafnið á fyrstu plötunni er komið: The Resurrection of Rock; Volume 1: The Beginning. Eins og nafnið gefur til kynna erum við mjög högværir með útkomuna.

Heimildarmenn Monitor segja þig hafa verið virkilega efnilegan í fótbolta. Er eitthvað til í því? Já, já. Ég var sæmilegur. Það fór mikill tími í fótbolta þar sem ég ólst upp beint fyrir framan Þróttaravöllinn. Þegar ég var um 14 ára hætti ég af því ég var alltaf að vinna á Keflavíkurlaunum á sumrin. Ég vann þar alla vikuna svo ég hafði engan tíma fyrir boltann. Ég var bara á forstjóraunum sem unglingur að vinna við allt mögulegt eins og til dæmis malbikun og á trésmíðaverkstæði.

Hvernig týpa varst þú í menntaskóla? Ég var bara frekar venjulegur. Var lítið í skipulögðu félagslífi og hafði enga þörf fyrir að taka þátt í leikritum og svoleiðis á þeim tíma. Ég hélt einhvern veginn ekki að þetta myndi henta mínum karakter enda fólk oftast í leikfélögum af félagslegum ástæðum í menntaskóla en ekki endilega af einskærum áhuga á leiklist. Svo voru mínir vinir ekkert í þessu þannig að ég hugsaði ekkert út í það þannig séð.

Hvað heillaði þig við leiklistina? Ég fann nú væntanlega það sama og margir sem er ákveðin forvitni og mig langaði til að vita meira um hvað leiklist snýst.

HRADASPURNINGAR

Uppáhaldsleikari? Jóhannes Niels Sigurðsson.

Uppáhaldsmatur? Borða allt en gæti lífað án bankabyggs.

Versta martröð? Að vakna með tær uppi mér.

Uppáhaldsknattspyrnuilið? Þróttur.

Uppáhaldskvikmynd? Goodfellas.

Uppáhaldshljómsveit? The Cult.

Besta húsráðið? Settu nóg af ólífuolíu í spagettið, þá festist það ekki saman. Kapísh?



Hvaða heimur þetta væri í raun og veru. Leiklistin var ekki eitthvað sem ég hafði stefnt lengi að og á vissan hátt er það valið fyrir mann. Flestir sem fara í inntökuprófin eru bara að prófa og sjá hvort þeir hafi eitthvað að gera í þetta sem er nákvæmlega það sem ég var að gera á sínum tíma. Ein aðalástæðan fyrir að ég endaði sem leikari er að ég komst í gegnum þessi próf. Ég hafði nær enga reynslu af leiklist sem var kannski bara gott. Ég var í fyrstu alveg staðráðinn að þetta væri ekkert fyrir mig því allir hinir voru ívið líflegri í þessum inntökuprófum en ég. Ég hélt að þetta væri ekkert endilega heimur sem ég ætti heima í og svo er ég allt í einu í námi við þetta í fjögur ár og er í framhaldi búinn að vinna við þetta í tíu ár.

Langar þig aldrei að hætta og fá þér einhverja þægilega dagvinnu? Nei, ekki í þeim skilningi. Ég held ég eigi örugglega eftir að vilja gera eitthvað annað einhvern tímann og hvíla leiklistina. Eins og staðan er í dag er samt enn svo mikið sem ég á eftir að gera í þessum geira. Ég vil búa til bíómyndir, leiksýningar og fleiri hluti þannig að ég er rétt nýbyrjaður. Þessi heimur getur verið skapandi ef þú ákveður að hafa það þannig. Þú getur líka orðið óttaleg hermikráka ef þú gerir alltaf bara það sem fólk segir þér að gera.

Kæmi til greina að breyta nafninu þínu í Bear Maple og reyna að meika það í Hollywood? Systir mín kom nú einhvern tímann með þá uppástungu að ég tæki upp sviðsnafnið Teddy Maple. En það er án gríns væntanlega mjög skrítið að breyta svona um nafn allt í einu. Vinir mínir kalla mig Hlyn og það væri mjög einkennilegt ef ég myndi bara segja við þá einn daginn: „Ég heiti Teddy núna, kallaðu mig bara T-Bone.“ Ég hefði samt alveg þurft á nafnbreytingu að halda því til dæmis þegar ég hef verið að vinna í London getur enginn sagt nafnið mitt. Ég er alltaf kallaður Kleinur.

Þegar ég hef verið að vinna í London getur enginn sagt nafnið mitt. Ég er alltaf kallaður Kleinur.

Langar þig til Hollywood? Ég veit í hreinskilni ekki hvort það umhverfi myndi eiga við mig. Það væri mjög hentugt ef það kæmi til mín á silfurbakka og ég þyrfti ekki að hafa of mikið fyrir því. Frekar vil ég vinna hér heima en að bíða eftir öllu og engu einhvers staðar annars staðar. Kannski fer ég bara í Jody-gervinu og meika það. Hún væri líklegri en ég, held ég. Nei, ég orðinn svo heimakær að þú myndir varla fá mig upp í sumarbústað. Við höfum verið mikið á flækingi með leik-sýningarnar okkar og ég fatta alltaf þegar ég er á einhverjum mjög skemmtilegum



viðtalið



“ Það er hlegið að mér meðal fjölskyldu og vina fyrir táfælnina. Ég mun kannski einhvern tímann ná að komast yfir þetta en ég er samt ekkert geðveikur.

stöðum í heiminum sem ég mun ábyggilega aldrei fara á aftur að ég er bara algjör sveppur sem líður best heima hjá sér. Ég hef líka oft hugsað að Hollywood sé eitthvað allt annað en ég er að fást við og svo er ég líka óstjórnlega lélegur í öllum svona prufum. Ég hef verið með umboðsmann í London í nokkur ár og farið í nokkrar prufur fyrir einhverjar kvikmyndir og það er oftast alveg rosalega neyðarlegt. Það deyr alltaf eitthvað innan í mér þegar maður er haldandi á íþróttaskó sem á að vera barn og á að hlaupa á staðnum undan skriðdreka inni á einhverri lítilli skrifstofu í úthverfi London. Þá finnst mér ég ekki vera að sýna mínar bestu hliðar.

Hver er frægasti einstaklingurinn í símaskránni þinni? (Flettir í símanum) Ætli það sé ekki bara Þórhallur miðill. Ég fór beint aftur á bak í símaskránni og hann er fjandi líklegur.

Konan þín hefur framleitt sýningar Vesturports og unnið mikið með leikhópnum. Hvernig er að vinna svona náðið með henni? Það er mjög fint því við höfum sama áhugasvið og sama smekk á ýmsum hlutum. Það er margt í bígerð hjá okkur sem ég ætla að gera út frá hugmyndum okkar, bæði sameiginlegum og algjörlega hennar. Þetta er mjög hvetjandi samstarf og hún hefur líka áhuga á að gera hluti sem ég hef engan áhuga á að gera eins og til dæmis þessi framleiðslupartur. Ég er ekkert fyrir það.

Hvít-rússneskur leikhópur sem ber nafnið Austurport kemur að máli við þig og vill borga þér fjórfalt hærra laun en þú hefur í dag. Myndir þú stökkva á tilboðið? Til Hvíta-Rússlands? Nei. Ég gæti það ekki. Ég get varla verið í Rússlandi því þar er ég alltaf bara handtekinn af löggunni. Það er alltaf verið að reyna að pretta mig í Rússlandi og ég hef ekki skap í það. Rússneska lögreglan hefur mjög mikinn áhuga á mér og öllu því sem ég hef í vösunum. Ég hef farið nokkrum sinnum til Rússlands og í fyrsta skipti um daginn var ég ekki handtekinn. Þar sem lögreglan reynir að ræna mig líður mér ekkert rosalega vel. Svo þarf ég ekkert að fara í eitthvað Austurport, ég er nú þegar í besta Portinu.

Hvað er framundan hjá þér? Bæjarins verstu er kvikmynd sem við Rakel höfum unnið að í þónokkurn tíma og við viljum láta verða að veruleika. Ég skrifaði handritið og hyggst einnig leikstýra þeirri mynd sjálfur. Myndin segir frá fólki sem er utangarðs í Reykjavík og byggir á sögu manns sem lifði í ræsinu í mörg ár. Svo erum við að fara að gera sýningu um Axlar-Björn, einn mesta fjöldamorðingja Íslandssögunnar sem bjó á Snæfellsnesi fyrir nokkrum hundruðum ára, í samstarfi við Borgarleikhúsið í haust. En fyrst er það stuttmyndin Gullbrá sem við Rakel erum að fara að gera nú í lok mánaðarins sem ég er mjög spenntur fyrir.

Kemur þú til með að leika Axlar-Björn sjálfan þar sem þú ert nú þegar vanur að vera kallaður Björn? Nei, ég ætla að leikstýra því og skrifa nýtt verk byggt á þjóðsögunni enda hef ég reynt að taka stefnuna á frekari skrif með því sem árin líða. Ég finn mikla þörf fyrir að vinna með sögur sem ég vil segja og spretta úr mínu umhverfi. Ég ætlaði að vera löngu farinn að sinna því betur en nú er komið að því að ég helgi mig því af alvöru.

Sagan segir að þú sért haldinn mikilli táfælni. Finnst þér einhverjar sérstakar tær ógeðslegar eða á þetta bara við um tær almennt? Ég myndi nú segja að karlmenn væru með ívið ljótari tær en kvenfólk. Lítil börn sleppa alveg en svo verður þetta bara eitthvað rugl. Ég hef til dæmis ekki mikið álit á eigin tām. Einu sinni fór ég í sjúkranudd í London þegar við vorum að sýna þar og þá hélt ég að ég myndi deyja. Mér finnst svo óþægilegt þegar einhver kemur við tærnar á mér. Einhver bresk mikil kona var að nudda mig og sagðist þurfa að nudda allt í gegnum iljarnar. Ég krepptist allur við og hún húðskammaði mig alveg og sagði mér að vera ekki svona mikill aumingi. Ég kófsvitnaði og þetta var eins og ógeðsleg pynting fyrir mig. Það er hlegið að mér meðal fjölskyldu og vina fyrir táfælnina. Ég mun kannski einhvern tímann ná að komast yfir þetta en ég er samt ekkert geðveikur.

Hvað með hnífafælnina? Hún er hætt. Ég vann bug á henni þegar ég fattaði hvað það væri mikil vitleysa að vera hræddur við hnífa en það getur verið að ég hafi verið hogginn með sveðju í fyrri lífum en það truflar mig ekki í dag. Þetta dæmi með tærnar er bara common sense.

Þú ert væntanlega ekki mikill aðdáandi Saw-myndanna þar sem hnífar og tær spila stórt hlutverk. Ég get ekki lýst því hversu mikið slíkt er ekki fyrir mig. Ég er lítið fyrir svoleiðis myndir.

Konan þín segir þig félagsfælinn. Hvernig lýsir það sér? Nú, er það? Ég er nú nokkuð hress finnst mér svona yfirleitt meðal fólks. Mér líður mjög vel heima hjá mér og ég hef komist að því að ég á mjög erfitt með mig til lengdar í risastórum samfélögum þar sem maður ferðast með neðanjarðarlestum og þess háttar. Ég held að það sé ekki mannskepnunni eðlislegt að vera mikið ofan í jörðinni. Mér líður voða vel bara hérna heima hjá mér og nú ætla ég að fara að tyrfa garðinn minn. Svona er maður orðinn miðaldra.



Trópi sjöa

- sjö ávextir
- sjö vítamín



- bara náttúrulega gott!



ÁSA OG JÓNA ERU SAMRÝMDAR SYSTUR

Af hverju ákváðuð þið að opna vefverslun? Jóna fékk þessa hugmynd þegar hún var komin til New York eftir BA-nám hér heima. Hana langaði að gera eitthvað skemmtilegt og bar þessa hugmynd undir mig. Ég var svoltið efins fyrst en Jóna náði að sannfæra mig og núna er ég í skjýjunum með þetta allt saman.

Er þetta gamall draumur? Ég held við systur höfum alltaf vitað að við myndum gera eitthvað tiskutengt saman. Við höfum alltaf haft brennandi áhuga á tisku og báðar unnið við þetta lengi. Mig grunaði að vísu aldrei að ég myndi opna netverslun, en þær eru orðnar svo flottar í dag og við stefnum á að hafa okkar mjög lifandi og skemmtilega.

Hafið þið íhugað að opna eigin búð ef allt gengur að óskum? Það er alveg möguleiki. Það eru allar dyr opnar ef allt gengur að óskum.

Hvaðan kemur nafnið? Nafnið varð til eftir miklar þælingar. Systir okkar, sem er tíu ára í dag, var alltaf að biðja okkur um naglalakk þegar hún var lítil, en hún gat ekki borið það fram og sagði alltaf lakkalakk í staðinn. Þannig kom nú hugmyndin að nafninu.

Erud þið systur mjög nánar? Við erum svakalega nánar. Við höfum verið bestu vinkonur lengi eða frá því við hættum á gelgjúnni. Það er frábært að vinna með systur sinni þar sem við þekkjum hvor aðra svo vel og erum ekki feimnar að segja það sem okkur finnst. Svo erum við líka bara svo mikið á sama planinu, hugsum oftast það sama.

stíllinn



Gunnþórunn Jónsdóttir
gunnthorunn@monitor.is

Skoðar þú mikið tiskublogg? Ég elska að skoða tiskublogg og geri það daglega, stundum oft á dag. Ég fæ mikinn innblástur þaðan.

Hvaða tiskublogg skoðarðu helst? Ég skoða svakalega mörg og get nefnt til dæmis fashionsquad.com, mysteriousconfessions.blogspot.com og knightcat.com. Svo finnst mér nokkur íslensk líka skemmtileg.

Þú ert búin að vera með tiskubloggið trendland.blogspot.com í dágóðan tíma. Er þetta ekki mikil vinna? Þetta er alls ekki mikil vinna. Ég hef mikinn frítíma á kvöldin og er með margar hugmyndir í kollinum sem er gott að koma frá sér. Bloggið hjálpar mér að losa um þær og aðrir geta notið góðs af. Ég er mjög fljót að blogga og aldrei í neinum vafa um hvað ég get fjallað um.

Hvernig er stíllinn ykkar? Við erum rosalega miklir hippar í okkur. Filum báðar bóhem- og svoltið töff-aralegan stíl. Við erum mjög hrifnar af Topshop, Urban Outfitters, Vintage og skemmtilegu dóti sem hægt er að finna á mörkuðum.

Notið þið sömu skóstærð? Því miður þarf Jóna endilega að nota númer 37 og ég 38. Hún getur stolist í skó af mér en ég treð mér ekki í hennar. Algjör bömmur fyrir mig.

Fáið þið oft lánuð fót hvor hjá annarri? Já og nei. Jóna er nettari en ég og þess vegna er ég alltaf að segja henni að kaupa sér víð fót svo ég geti stolist í hennar, en það kemur fyrir að við lánum hvor annarri.

Hvað finnst þér vera smart? Ég elska núna við sjöl með kögri, síð pils, hatta, mikið glingur og allt sem er bóhem. Ætli ég hafi ekki verið sígauni í fyrra lífi.

Naglalakk verður lakkalakk

Systurnar **Ása og Jóna Ottesen** hafa marga fjöruna sopið þegar tíska er annars vegar. Þær opna vefverslunina lakkalakk.com 20. maí næstkomandi og biðum við allar spenntar eftir að berja hana augum. Jóna er í New York eins og er en **Stíllinn** hitti Ásu og spjallaði við hana um lakkalakk og samband þeirra systra.



SÝNISHORN AF ÞVÍ SEM KOMA SKAL MÁ FINNA Á LAKKALAKK.COM

Vill ekki vera eins og Hollendingur í Japan

Sigríður Margrét Einarsdóttir er 24 ára háskólanemi sem elskar skó. Stíllinn ræddi við hana um sumarið og ómissandi hluti fyrir sólarðagana.

Hver er uppáhaldshönnuðurinn þinn? Ég á mér í rauninni engan uppáhaldshönnuð. Systurnar í Einveru eru frumlegar og flinkar í sínu. Svo finnst mér flikurnar frá Royal Extreme ótrúlega fallegar og Sonja Bent er líka æði.

Hver er uppáhaldsflíkin þín? Brúnir reimaðir hælaskór sem ég keypti í Manú á Laugavegi. Þeir eru svo þægilegir að ég gæti sofið, borðað og baðað mig í þeim. Levi's gallastuttbuxurnar mínar eru líka í uppáhaldi en ég myndi samt ekki sofa í þeim, það væri ekki þægilegt. Ég borða samt oft í þeim og allskonar.

Hvaða snyrtivöru gætirðu ekki verið án? Ilmvatns-ins míns og Bodyshop varasalvans. Án þeirra er ég með allt niðrum mig.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum í fimm orðum? Blúndur, slaufur, doppur og grín.

Hvort ertu veikari fyrir fötum eða skóm? Ég elska skó en ég er svo stór svo ég get ekki leyft mér að falla fyrir hvaða hælaskóm sem er. Þá verð ég eins og Hollendingur sem er staddur í Japan. Hver nennir því? Þess vegna á ég bara nokkra solid skó og versla mér þeim mun meira af fötum. Svartaði ég spurningunni?

Hvaða flíkur og fylgihlutir eru ómissandi fyrir sumarið að þínu mati? Að sjálfsögðu sólgleraugu fyrir sólarðagana fimm sem við fáum yfir sumarið. Ég elska sólgleraugu. Sumarkjólarnir verða líka að vera á sínum stað og auðvitað gallastuttbuxurnar. Ekki gleyma sólarvöminni krakkar!

Hvað ætlar þú að gera í sumar? Ég ætla að vinna á leikskólanum Grandaborg, njóta lífsins með fólkinu mínu, kiki vonandi eitthvað út fyrir landsteinana og svo er ég að fara í brúðkaup til bestu vinkonu minnar. Það verður nú eitthvað!



Mið- vikudaginn 18. maí, verður trylltur fatamarkaður á Boston, Laugavegi 28b, milli 18-20. Stöllurnar Anna Sóley, Eva Katrín, Erla Dögg, Anika og Dagný standa þar að baki en þær eru starfsmenn Kron Kron, Nostalgiú, Andersen & Lauth og Spúútnik. Þetta er klárlega uppskrift að djúsí markaði enda eru stúlkurnar þekktar fyrir að vera ávallt vel dressaðar. Ekki missa af þessu!

www.opticalstudio.is



CHANEL / CH 4189TO. COL C1089S

Þar sem úrvalið er af sólgleraugum

CHANEL • RAYBAN • CHROME HEARTS • TOM FORD • D&G • BVLGARI • MIU MIU • VERSACE • OAKLEY • BURBERRY • CUTLER & GROSS • ROBERTO CAVALLI • PRADA

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

Ekki klikka á því að fara inn á Facebook-síðu Monitor og reyna að næla þér í plakat sem var áritað af Nicolas Cage og leikurum Drive Angry.

FERILLINN



Nicolas Cage

Hæð: 183 sentimetrar.
Besta hlutverk: Charlie Kaufman í Adaption.
Staðreynd: Þjáist af lofthræðslu.
Eitruð tilvitnun: „Ég er ekki djöfull. Ég er eðla, ég er hákarl, ég er hitasækin hlébarði. Míg langar til að vera eins og Bob Denver á sýru að spila á harmonikku.“

1964 Fæddist þann 7. janúar á Long Beach í Kaliforníu-fylki Bandaríkjanna sem Nicholas Kim Coppola. Faðir hans er bróðir leikstjórans Francis Ford Coppola.“

1980 Breytti nafninu sínu í Nicolas Cage til að forðast tengingu við frænda sinn í bransanum.

1982 Fór í prufu fyrir hlutverk í kvikmynd frænda síns, The Outsiders, en þurfti að láta í minni pokann fyrir Matt Dillon.

1983 Kom sér á kortið með frammistöðu sinni sem rokkarinn í Valley Girl.

1987 Sló í gegn í gamanmyndinni Moonstruck ásamt Cher.

1990 Eignaðist soninn Weston Coppola Cage með þáverandi kærustu sinni, Christina Fulton. Weston lék í kvikmyndinni Lord Of War með Cage og er söngvari dauðarokksveitarinnar Eyes Of Noctum.

1995 Giftist leikkonunni Patricia Arquette og fékk Óskarinn sama ár fyrir leik sinn í kvikmyndinni Leaving Las Vegas.

1997 Þótti sýna snilldarleik í spennumyndinni Face/Off sem góði og vondi gæinn.

2001 Skildi við Patricia Arquette og byrjaði stuttu seinna með Lisu Marie Presley, dóttur Elvis Presley.

2002 Giftist Lisu Marie þann 10. ágúst og sótti um skilnað þann 25. nóvember. Skilnaðurinn gekk í gegn árið 2004. Sama ár kom kvikmyndin Adaption út en Cage var tilnefndur til Óskars-verðlaunanna fyrir hana.

2005 Eignaðist soninn Kal-El með eigin-konunni Alice Kim sem hann giftist árið 2004. Sonurinn er skírður í höfuðið á upprunalegu nafni Súperman.



Frumstýningar helgarinnar

Drive Angry

Leikstjóri: Patrick Lussier.
Aðalhlutverk: Nicolas Cage, Amber Heard og William Fichtner.
Lengd: 104 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka og Egilshöll.

Harðsvíraði glæpamaðurinn Milton (Nicolas Cage) brýst út úr helvíti til þess að koma í veg fyrir að djöfladýrkendur sem myrtu dóttur hans fórni barnabarni hans á altari. Hann hefur þrjá daga til að koma í veg fyrir að fórnin verði færð og fær hjálp frá þjónustustúlkunni Piper (Amber Heard).



VILTU VINNA MIÐA?



Monitor ætlar að gefa nokkrum heppnum lesendum miða á Drive Angry. Auk þess ætlum við að gefa tvö plaköt sem eru árituð af Nicolas Cage og aðalleikurum myndarinnar. Þú þarft bara að fara inn á Facebook-síðu Monitor og velja LIKE á Drive Angry-statusinn.

facebook.com/monitorbladid

Animals United 3D

Leikstjóri: Reinhard Klooss og Holger Tappe.
Aðalhlutverk (talsetning): Pétur Örn Guðmundsson, Jóhann Sigurðarson, Steinn Ármann Magnússon og Laddi.
Lengd: 93 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð.
Kvikmyndahús: Sambíóin Kringlunni, Álfabakka og Egilshöll.

Hópur dýra bíður eftir árlegu flóði til að lifa af en uppgötvar að mannskepnur hafa byggt stíflu í nágrenninu. Dýrin ákveða því að berjast gegn mönnum og kenna þeim að abbað ekki upp á náttúruna.



Priest 3D

Leikstjóri: Scott Charles Stewart.
Aðalhlutverk: Paul Bettany, Cam Gigandet og Maggie Q.
Lengd: 90 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 16 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó.

Myndin gerist í hliðstæðri veröld þar sem aldlangt stríð milli vampíra og manna hefur lagt allt í rúst. Sagan snýst um goðsagnakenndan stríðsprett (Paul Bettany) sem reynir að sporna gegn nýrri vampíruögn.



Water For Elephants

Leikstjóri: Francis Lawrence.
Aðalhlutverk: Robert Pattinson, Reese Witherspoon og Christoph Waltz.
Lengd: 120 mínútur.
Aldurstakmark: Leyfð.
Kvikmyndahús: Smárabíó og Háskólabíó.

Myndin segir frá dýralæknanemanum Jacob (Pattinson) sem hættir í skóla og gengur í sirkus þar sem hann verður ástfanginn af eiginkonu sirkusstjórans (Reese Witherspoon).



LEYNDARDÓMSFULLIR DÓMARAR

Veislan er hafin

Nú flykkjast stjörur Hollywood til Frakklands á hina árlegu kvikmyndahátíð í Cannes sem hófst fyrr í vikunni. Formaður dómnefndar er hinn virti leikari Robert De Niro en hann ræður úrslitum á hátíðinni ásamt 8 öðrum dómurum. „Ég er ekki alveg viss hverju ég er að leita að,“ sagði De Niro í viðtali við Associated Press á opunardeggi hátíðarinnar en hann hefur mætt til Cannes á hverju ári síðan hann kom fyrst til að

kynna kvikmyndina Taxi Driver árið 1976. „Ég mæti bara, sest niður, horfi á kvikmyndirnar og svo sjáum við til,“ sagði De Niro sem vildi lítið gefa upp um mögulega sigurvegara. Ásamt De Niro í dómnefndinni eru til dæmis leikkonan Uma Thurman og leikarinn Jude Law. Mikil eftirvænting er fyrir hátíðinni í ár og þykir nýjasta verk leikstjórans Woody Allen, Midnight In Paris, líkleg til vinsælda í þessari risastöru kvikmyndaveislu.

Popp-korn

Lítið hefur heyrst af leikaranum Michael Cera síðan hann lék í kvikmyndinni Scott Pilgrim vs. The World sem var sýnd í fyrra. Cera er nú að gera sig kláran fyrir tókur á dramatísku indí-myndinni Magic, Magic og þykir líklegt að myndin muni færa feril Cera upp á herra plan þar sem um alvarlegasta hlutverk hans hingað til er að ræða.



Það hljómar ótrúlega en ný mynd frá leikstjórnum kvikmyndanna Date Movie og Vampires Suck er væntanleg. Myndin hefur fengið nafnið The Biggest Movie Of All Time 3D og gerir vist stólpagrín að stórmyndinni Avatar. Gagnrýnendur og áhorfendur hafa hakkað í sig fyrri myndir leikstjóranna Jason Friedberg og Aaron Seltzer en kannski verður annað uppi á teningnum í þetta skiptið.



Fjögurra tonna fillinn sem notaður var við tókur á kvikmyndinni Water For Elephants er sagður hafa verið misnotaður af þjálfurum sínum samkvæmt hópi dýraverndunarsinna sem vill að sýningar myndarinnar verði stöðvaðar. Hópurinn hefur lagt fram myndband frá árinu 2005 sem sönunargagn en í því sjást þjálfarar beita fil, sem hópurinn segir vera hinn sama og í myndinni, grimmilegu ofbeldi.



Al Pacino sló í gegn sem skáldsagnamafiósinn Michael Corleone á sínum tíma og hefur nú tekið að sér að leika alvöru mafiósa í kvikmyndinni Gotti: Three Generations. Pacino mun leika Neil Dellacroce, meðstjórnanda í Gambino-glæpafjölskyldunni og samstarfsmann Gotti-fjölskyldunnar í myndinni. John Travolta mun fara með hlutverk John Gotti og Lindsay Lohan mun fara með hlutverk kærustu sonar hans, John Gotti yngri.

Heimildarmynd sem sýnir meðal annars ljósmynd af dauða Díönu prinsessu sem var tekin af einum paparazzi ljósmyndaranum sem elti hana kvöldið örlagaríka í París hefur vakið mikla athygli. Kvikmyndin ber nafnið Unlawful Killing og verður sýnd á Cannes-kvikmyndahátíðinni á föstudaginn. Myndin er framleidd af Mohamed Al-Fayed, föður Dodi Al-Fayed sem lést ásamt Díönu í bílslysinu.



Heimildarmynd sem sýnir meðal annars ljósmynd af dauða Díönu prinsessu sem var tekin af einum paparazzi ljósmyndaranum sem elti hana kvöldið örlagaríka í París hefur vakið mikla athygli. Kvikmyndin ber nafnið Unlawful Killing og verður sýnd á Cannes-kvikmyndahátíðinni á föstudaginn. Myndin er framleidd af Mohamed Al-Fayed, föður Dodi Al-Fayed sem lést ásamt Díönu í bílslysinu.

TÖLVULEIKUR



Red River
MMMMM
 Tegund: Skotleikur
 PEGI merking: 18+
 Útgefandi: Codemasters
 Gerð: PC, PS3, Xbox 36
 Dómar: Gamespot 6,5 / IGN 7,5 / Eurogamer 8

Bin Laden og félagar

Í þessum nýjasta leik Operation Flashpoint-seríunnar stýra leikmenn hermönnum hinnar bandarísku Bravo-herdeildar þar sem hún er send inn í Tadjikistan, en þangað hafa helstu uppreisnarmenn Afghana flúið og komið sér fyrir. En líkt og Adam, þá er Bravo-herdeildin ekki lengi í paradís, því Kínverjar blanda sér í bardagann og þá hitnar verulega í kolunum.

Engar uppsprengdar Hollywood-senur

Red River er í þeim flokki skotleikja þar sem raunverulekastig er mjög hátt og er allt gert til að láta leikmönnum líða eins og þeir séu mættir á vígvöllinn í öllu sínu veldi. Þetta þýðir að fara þarf varlegar en í öðrum skotleikjum og hér er ekkert pláss fyrir uppsprengdar Hollywood-senur, enda eru þær sjaldnast hluti af stríði okkar heims. Það breytir því þó ekki að söguþráður leiksins er settur upp á flottan hátt með atriðum sem nota ýmist grafískvél leiksins eða fréttamyndir frá stríðinu í Afganistan. Leikurinn spilar frá fyrstu persónu sjónarhorni og geta leikmenn gefið þremur liðsfélögum sínum skipanir í gegnum tiltöluega einfalt kerfi. Þetta virkar oftast ágætlega, en stundum dettur gervigreind leiksins í tóma heimsku og þá fer allt til fjadans.

Sem betur fer er hægt að spila söguþráðinn í coop með þremur öðrum í gegnum netið og klárt að þannig var leikurinn hugsaður fyrst og fremst.

Tilbreyting frá öðrum skotleikjum

Í öllum hlutum leiksins fá leikmenn reynslustig sem má nota til að fá ný vopn, nýjar græjur og nýja hæfileika, svo sem að hlaupa hraðar og miða nákvæmar. Í leiknum eru fjórir mismunandi klassar sem leikmenn geta bætt sig í. Spilun Red River er nokkuð skemmtileg og ágætis tilbreyting frá flestum öðrum skotleikjum. Grafíkin er ágæt á heildina litið, en langt frá því að vera það besta sem maður hefur séð og það sama má segja um hljóð leiksins.

Þó að Bin Laden sé farinn, þá er hellingur af öðrum uppreisnarmönnum sem taka þarf úr umferð og hitta leikmenn fjölmarga þeirra hér í þessum nýja skotleik frá Codemasters sem er ekki fullkominn en gerir sitt gagn.



Ólafur Þór Jólsson

KVIKMYND

Fast Five
MMMMM
 Leikstjóri: Justin Lin.
 Aðalhlutverk: Vin Diesel og Paul Walker.
 Lengd: 130 mínútur
 Dómar: IMDB: 7,8 / Metacritic: 6,7 / Rotten Tomatoes: 78%

Fimm fræknu

Ég hef alltaf gaman af myndum sem eru ekkert að reyna að vera eitthvað annað en þær eru og koma bara til dyranna eins og þær eru klæddar. En til þess að það gangi upp þarf auðvitað að vera nokkuð gott handrit sem réttlætir allan hamaganginn. Án þess að hafa séð allar fyrri myndirnar þá skilst mér á þeim sem til þekkja að þær séu mjög misjafnar. Oft eins og aðstandendur myndanna hafi verið of uppteknir við að redda flottum bílum og í kjölfarið gleymt innihaldinu heima. En hér tekst þeim þó bara nokkuð vel til og úr verður þessi fína, heilalausa skemmtun.

Réttlátt bílaklám

Söguþráðurinn er einfaldur og nær alveg að réttlæta mest allt bílaklamið, hasarinn og "one-linerana". Auðvitað eru atriði inn á milli þar sem maður fer bara að hlæja því þau eru svo ótrúleg en það er bara partur af þessu. Það borgar sig því lítið að fara með einhverjar raunsæisvæntingar á þessa mynd,

það fólk gæti orðið fyrir vonbrigðum og jafnvel misst meðvitund þegar leikar standa sem hæst.

Eitursvalur Vin Diesel

Leikaravalið er skemmtilegt. Vin Diesel er góður og hefur mér alltaf þótt hann vera nokkuð vanmetinn leikari. Maðurinn er með eitursvala rödd og er klárlega með betri hörkutólum í Hollywood í dag. The Rock finnst mér reyndar alltaf svolítið kjánalegur en hér er hann þó líklega á heimavelli. Leikur ofurlöggu sem fær að slást, öskra og segja einfaldar setningar. Allir leikarar virðast skemmta sér konunglega.

Fast Five er kannski ekkert meistara verk en hún stóð við öll loforðin og skilaði sínu. Kom bara verulega á óvart og betri en margar í sama flokki. Ég fór sáttur heim. **Kristján Sturla Bjarnason**



HLJÓMSÝN
30 ára

Hjá Steina, stofnað í mars 1981
Þjóðum fjölda frábærra afmælistilboða



GENEVA

Ný vidd í hljómtækjum

- Rautt M - Verð áður kr. 149.900.-
- Rautt L - Verð áður kr. 198.800.-
- Rautt XL - Verð áður kr. 358.800.-

Afmælistilboðsverð

- kr. 110.000.-
- kr. 145.000.-
- kr. 275.000.-

Standur ekki innifalinn í verði



Komdu og gerðu frábær kaup!

Plötuspilari Project RPM5
 Verð áður kr. 139.900.-

Afmælistilboðsverð
 kr. 99.900.-



Project Debut III.
 Verð áður kr. 58.800.-

Afmælistilboðsverð
 kr. 48.800.-

Project Debut III phono
 Verð áður kr. 81.300.-

Afmælistilboðsverð
 kr. 59.900.-



Plötuspilari Project Essential
 Verð áður kr. 49.900.-

Afmælistilboðsverð
 kr. 39.900.-



Einnig afmælistilboð á

Mögnurum
 Lampageislaspilurum
 Hátölurum o.fl.

Úrval af vínýplötum

www.hljomsyn.com

hljomsyn@hljomsyn.com

HLJÓMSÝN

ÁRMÚLA 38 - SÍMI 588 5010

Opið virka daga 11 -18 - laugard. 12-14

LEGEND
Bar 11
Föstudagur kl. 21



Bölvunin endurvakin á föstudaginn þrettánda?

„Þetta er drungalegt popp í anda Depeche Mode, Skinny Puppy og Ministry. Gothpopp ef ég má nota það hugtak,“ segir Hrafn Björgvinsson, betur þekktur sem Krummi, um tónlist hljómsveitar sinnar, Legend, sem spilar á Bar 11 á föstudagskvöldið. „Við erum búnir að spila eina og eina tónleika hér og þar og erum að leggja lokahönd á plötu sem kemur út í júní,“ segir hann um hljómsveitina sem hefur fengið góðar viðtökur við lögunum Devil In Me og Sister sem bæði hafa komist ofarlega á vinsældarlista X-977. „Það hefur verið ótrúlega góð stemning á tónleikum hjá okkur, mikið dansað og líka headbangað,“ segir Krummi spenntur fyrir tónleikum um helgina og bendir á að tónlist sveitarinnar sé í dramatískari kantinum. „Tónlistin er dramatísk og epísk svo það má búast við dramatískum tónleikum,“ segir Krummi en vonar að föstudagurinn þrettánda hafi ekki slæm áhrif á tónleikana. „Í sannleika sagt erum við svolítið stressaðir því við Dóri sem er með mér í hljómsveitinni vorum saman í hljómsveit fyrir nokkrum árum og þá hvíldi einhver bölvun á okkur,“ útskýrir hann og segir græjur hafa bilað ítrekað á þeim tíma en nú hafi bölvuninni verið aflétt með Legend. „Vonandi dregur föstudagurinn þrettánda bölvunina ekki aftur fram,“ segir Krummi sem bendir þó á að óhöpp gætu ýtt undir dramatík tónleikanna sem eru þeir fyrstu í tónleikaröð Tuborg og Bar 11. Frítt er inn á tónleikana og húsið opnar kl. 21.

fílófaxið

föstudagur 13 maí laugardagur 14 maí

NEMENDALEIKHÚSIÐ
Gafnaraleikhúsið Hafnarfirði
20:00 Útskriftarmendur af samtímadansbraut Listaháskóla Íslands frumsýna verkin The Genius Of The Crowd and How Did You Know Frankie. Sýndar verða fimm sýningar og hægt er að nálgast miða í gegnum Facebook-síðu Nemendaleikhússins.

GRAPEVINE GRASSROOTS
Hemmi og Valdi
21:00 Reykjavík Grapevine býður á ókeypis tónleika þar sem hljómsveitir No Class, Enkíú, ahma og tónlistarmaðurinn Arnlióttur trylla lýðinn.

HELVÍTIS ÓGÆFA!
Café Amsterdam
23:00 Rokktónleikar þar sem hljómsveitir Bloodfeud, Swords Of Chaos, Sleeping Giant og Norn reyna eftir sinni bestu getu að senda ógæfuna til andskotans. Aðgangseyrir er 500 krónur.

SALT
Faktörý
23:00 Hljómsveitin XIII leikur tímamótaverkið SALT í heild sinni í fyrsta sinn í tilefni af 18 ára afmæli sveitarinnar. Sérstakir heiðursgestir á tónleikunum verða hljómsveitir In Memoriam og Hoffman. Aðgangseyrir er 1000 krónur.

SUMARHREINSUN KIMI RECORDS
Kolaportið
11:00 Lagerhreinun Kimi Records fyrir sumarið fer fram í Kolaportinu um helgina og óskrandi tilboð á geisladiskum, vinyplötum og hljómsveitabólum verða fyrir gesti og gangandi.

FATAMARKAÐUR Á FAKTÖRY
Faktörý
14:00 Fatamarkaðurinn vinsæli heldur áfram og eru allir velkomnir að koma til að selja af sér spjarirnar nú eða fjárfesta í hræðýrum sumarflíkum. Góð tónlist, drykkir og frábær félagsskapur.

BLOOD-GROUP OG CAPTAIN FUFANU
Sódoma
22:00 Sveittasta próflokpartíð verður á Sódomu um helgina. Hljómsveitir Bloodgroup og Captain Fufanu leiða saman hesta sína en samstarf þeirra hefur yfirleitt verið uppspretta mikillar gleði. Aðgangseyrir er 1000 krónur.

Justin Bieber notar Proactive® Solution Burt með bólurnar!

Í Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:
REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARÐSAPÓTEK, Sogavegi 108
URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvog
APÓTEK HAFNARFJARÐAR, Tjarnarvöllum 11
ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVER Suðurlandsbr. 22

Heilsubudin.is
- bætt útlit, betri líðan

LOKAPRÓFIÐ

12. maí 2011 | MONITOR skólinn

Ég heiti PALL ÓSKAR HUAMTYSSON Eiginhandarritunin mín lítur svona út:



Þú veist hver ég er af því að EG ER BÚINN AÐ VINNA AÐ ÞVI, HÖRÐUM HINDUR SÍÐUSTU 20 ÁRIN, AÐ VERÐA EINS FRÆGUR OG ÞAÐ SKEMMTILEGASTA VIÐ EG GET.

Eurovision

a) Er að allir fjölmiðlar landsins hringja í mig og biðja mig um álit á keppninni á hverju einasta ári
b) Eru Eurovision-partiín
c) Eru ranghugmyndir Íslendinga um að við séum að fara að vinna
d) BÍÐRÖÐIN, SEM NÆR FRA NASA OG NÍÐUR Á CAFE PARIS.

Á laugardagskvöldið verð ég á Nasa þar sem ég mun

a) Spila Minn hinsta dans viðstöðulaust til 4 um nóttina
b) Halda sex tíma langa ræðu um klíkuskap í Eurovision
c) Breika í hveiti
d) BÍLAST!

Besta Eurovision-lag Íslands er

a) Minn hinsti dans
b) Draumur um Nínu
c) All Out of Luck
d) Is It True?
e) ...ENN ÓSAMID.

Uppáhaldsborgin mín er

a) London
b) París
c) Róm
d) NEW YORK
Því HÚN ER MIÐPUNKTUR OG SUÐURPÖTTUR ALLRA ÞJÓÐA HELMS. BERLÍN KEMST NÆST HENNI.

Ef ég mætti hitta hvern sem er í heiminum myndi ég vilja hitta MADONNU OG LADY GAGA Í KAFFI. OG RÆÐA ÞETTA AÐEINS.

Svalasti hommi í heimi er

a) Tom Ford EG BEKKI EKKI
b) George Michael MARGA SEM ERU JAFNVIGIR
c) Rupert Everett
d) Elton John
e) A FATAHÖNNUN
Því hann OG KVÍKMYNDAGERO. HEFUR ÞU SÉÐ "A SINGLE MAN" ?

Uppáhaldsplatn mín FLESH TONE
MEÐ KELIS
uppáhrjóni Sighvats JUDAS
MEÐ LADY GAGA
og uppáhaldssjónvarpsátturinn minn er HORFI EKKI Á SJÓNVARP - NÉMA ÞAÐ ER EUROVISION EÐA UPPHÁLFUR
Ég er búinn að sjá allar Eurovision-keppnir síðustu 20 ára
Satt Ósatt

Það geta ekki allir verið gordjöss
Satt Ósatt

Síðasta sms sem ég fékk var frá PETER FENNER EURONÖRD og í því stóð "NOOOO HUNGARY IS A DISASTER"

Ef ég mætti gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa LIVE AND LET LIVE. LIFBU OG LEYFÐU ÖÐRUM AÐ LIFA.








Síðast en ekki síst

» Kristinn Árni, plebbi sem sér um plebbann.is, fílar:

Kvikmynd Ekki nóg með að American Psycho sé hin finasta skemmtun, heldur sýndi hún mér svart á hvítu hvað það skiptir miklu máli að vera flottur við allar aðstæður. Ég er í þessum töluðu orðum að láta hana fyrir mig nafnspjöld.

Sjónvarpsáttur Archer fjallar um Sterling Archer, hæfasta leyniþjónustumann heims, sem þarf að kljást við eigin æðisleika, kynlífssjúka og stjórnsama móður, erfiðar fyrrverandi kærustur og bjarga heiminum með glas af Bloody Mary í hendi.

Bók Að mínu mati er besta bók í heimi, Ralph Lauren 40th Anniversary Book eftir Ralph Lauren. 700 handvaldar myndir úr lífi og starfi Ralphs og texti sem veitir manni innsýn í huga meistarans, gerist ekki betra.

Plata Ég elska allar plötur með Michael Bublé en uppáhalds lagið mitt er Everything and það er á plötunni Call Me Irresponsible.

Vefsíða Ég eyði dagóðum tíma á Yachtingmagazine.com sem er besti staðurinn til að fylgjast með öllu sem viðkemur snekkjuheiminum.

Staður 101 bar. Ég er alltaf þar. Alltaf allt nýþrifið sem er ekki alengt á skemmtistöðum í Reykjavík, frábær þjónusta, þægileg lounge tónlist, þjónað til borðs og góður Bloody Mary.






**Bjóddu til veislu með
Casa Fiesta**

CASA FIESTA





0 kr.
að hringja Innan
kerfis Símans
með 1.990 kr.
áskrift.*

Vertu með **17. maí** á Busta Rhymes!

Póstaðu uppáhalds vídeóinu þínu með Busta Rhymes á Facebook-vegginn okkar og **þú átt möguleika á miða á tónleikana þann 17. maí.** í Valsheimillnu.

www.ring.is / m.ring.is



www.facebook.com/ringjarar



VERTU MEÐ

* 1.500 mín/SMS innan GSM-kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í önnur kerfi